

2024

Borgaskóli



Borgaskóli

26/06/2024

Innihald

Inngangur	2
Um Borgaskóla	2
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	2
Mat á skólastarfi.....	3
Áætlun um innra mat.....	3
Sjálfsmat 2023-2024.....	3
Viðmið um gæði í skólastarfi.....	3
1. 1 Inntak, árangur og framfarir.....	3
Skipulag náms og námsumhverfi	7
Mannauður.....	8
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.....	8
3.3 Faglegt samstarf.....	11
Skólabragur	13
4.1. Velferð og líðan nemenda.....	13
Lokaorð.....	14
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024.....	14
Heimildir.....	15

Inngangur

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrsta og fremst að vera umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, vinna áætlun um hvað vel er gert og hvað má betur fara og vinna umbótaáætlun í framhaldinu.

Í greinum 35. og 36. í Lögum um grunnskóla frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu um skólastarfið og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum Grunnskólalaga er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Um Borgaskóla

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Sjálfsmatið er unnið með hliðsjón af við líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkan þetta er kynnt í bæklinginum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkuð í [5 yfirþætti](#).

Kosturinn við að fara þess leið er að gott er að styðjast við sömu þætti í matinu og metnir eru í ytra matinu.

Matshópur skólans þetta skólaár samanstóð af öllu starfsfólki skólans. Utanumhald um innra mat var í höndum þróunarteymis sem skipað er Ester Helgu Líneyjardóttur skólastjóra, Björg Hrund Sigurbjörnsdóttir umsjónarkennara, Tinnu Lind Sigurbjörnsdóttur umsjónarkennara, Unni Jónsdóttur kennara í upplýsingatækni og Þuríði Ágústsdóttur aðstoðarskólastjóra. Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri leiddi þróunarteymið til áramóta. Innra matið er unnið út frá umbótaáætlun 2022-2023 og áhersluatriðum sem Borgaskóla setti sér á þessu skólaári og birtist í starfsáætlun Borgaskóla.

Borgaskóli er þátttakandi í þróunarverkefni um innra mat með grunnskólum í Austurhluta Reykjavíkur. Innra mat er tekið saman í gegnum forritið Bravo Lesson.

Mat á skólastarfi

Áætlun um innra mat

Í Borgaskóla er áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við því sem betur má fara eins fljótt og unnt er. Innra mat þarf að vera liður í daglegu skólastarfi og matið er í gangi allt skólaárið, niðurstöður koma því jafnt og þétt inn og er umbótaáætlun unnin árlega út frá niðurstöðum innra mats. Niðurstöður eins og úr Skólapúlsi og skimunum eru teknar til umfjöllunar um leið og þær liggja fyrir á kennarafundum/teymisfundum og í skólaráði.

Eftirfarandi atriði í innra starfi skólans eru rýnd reglulega:

- Sýn, starfshættir, starfsþróun.
- Samantekt á niðurstöðum lesfimi.
- Matsfundir starfsfólks á skólaárinu.
- Símenntunaráætlun og einstaklingsáætlanir.
- Niðurstöður Lesmáls.
- Viðmið um góða kennslustund í Borgaskóla.
- Skólapúlsinn kannar viðhorf og líðan nemenda í 6.-7. bekk sem hægt er að bera saman við niðurstöður úr öðrum grunnskólum.
- Viðhorfakönnun starfsmanna.
- Starfsþróunarsamtöl.
- Fundir í skólaráði.
- Fjármál skólans eru rýnd reglulega.
- Öryggis- og vinnuverndarmál.
- Umsjónarmaður fasteigna, ritari og skólastjóri safna gögnum í vinnuumhverfisvísi Heilbrigðiseftirlits.

Sjálfsmat 2023-2024

Hér á eftir eru niðurstöður úr innra mati skólans, úr þeim þáttum sem metnir voru á skólaárinu.

Viðmið um gæði í skólastarfi

1. 1 Inntak, árangur og framfarir

Skólanámskrá skólans hefur verið birt í Mentor og á heimsíðu skólans. Hæfniviðmiðum í 1-4. bekk og 5. -7. bekk er raðað niður á árganga og á skólaárinu 2022-2023 voru hæfniviðmiðin einfölduð og röðunin niður á árganga endurskoðuð. Þeirri vinnu er lokið. Skólanámskráin er endurskoðuð árlega.

Kennslulotur voru settar upp í öllum námsgreinum í Mentor, hæfniviðmið/matsviðmið metin jafn og þétt yfir skólaárið líkt og leiðsagnarmat kveður á um. Hæfniviðmið hafa verið klippt niður til þess að nemendur

eigi auðveldara með að skilja þau og vinna eftir þeim. Hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni eru sýnileg í kennslustofum á svokölluðum námsveggjum.

Kennarar vinna námsáætlanir út frá hæfniviðmiðum skólanámskrár. Þar kemur fram hvenær ákveðin þemaverkefni eru unnin, hvenær ákveðnir námsþættir eru teknir fyrir, námsefni, námsgögn og námsmat. Námsáætlanir eru vistaðar á Mentor.is.

Niðurstöður leiðsagnarmats eru rýndar vel og nýttar af kennurum til að meta hvort endurskoða þurfi ákveðna þætti í kennslunni. Einnig eru niðurstöðurnar nýttar til að bæta árangur einstakra nemenda og stuðningur er endurskoðaður í kjölfarið.

Læsi


Í Borgaskóla er unnið út frá Læsisstefnu grunnskólanna í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Lestrarkennsla í 1.-7. bekk tekur til allra þátta læsis. Niðurstöður úr lesfimi MMS voru nýttar til utanumhalds um framfarir nemenda og gripið inn í þar sem við átti. Sérkennsla, fjölbreytt og áhugaverð lestrarverkefni, markvissari lestrarkennsla og utanumhald um árangur skilar árangri nemenda í lesfimiþrófum. Inngrip voru mismikil og stóðu yfir í mislangan tíma. Niðurstöður lesfimi voru rýndar af læsisteymi skólans og ræddar á teymisfundum með kennurum í 1.-7. bekk. Sérstaklega var rýnt í framfarir og stöðu nemenda frá hausti til vors ásamt því að lögð var áhersla á að aðstoða þá nemendur sem ekki náðu viðmiðum. Læsisteymi skólans var stofnað á skólaárinu og sjá má aðgerðaráætlun teymisins hér að neðan. Markmiðið er að skapa læsismenningu í skólanum og ná enn betri árangri í læsi.

Aðgerð	Hvert er markmiðið	Hvernig skal markmiði náð	Tímarammi/lokið	Ábyrgð	Mat
<u>Áætlun um nestisbækur í skólanum</u>	Að allir árgangar fái upplestur á sögu í nestistíma eftir ákveðnu <u>árgangaskipulagi</u> og þannig verði orðaforði eflður.	Útbúa lista yfir <u>nestisbækur</u> sem henta hverjum árgangi. Nýta samlestur bóka.	Október 2023/aðgerð sem þarf að halda áfram á næsta skólaári	Læsisteymi og umsjónarkennarar	Á matsfundi að vori
<u>Yndislestrarstundir á morgnana</u>	Að allir árgangar nýti fyrstu mínútur dagsins í yndislestur/félagalestur /hlustun/lesskilning til að efla lesfimi.	Kennarar setji yndislestur á dagskrá á morgnana, nemendur sækja bækur frá kl. 8-8:30 á morgnana eða daginn áður, kennarar hafa bækur til taks í stofu ef gleymist.	September 2023/aðgerð sem þarf að halda áfram á næsta skólaári	Læsisteymi og umsjónarkennarar	Á matsfundi að vori, með lesfimiþrófum.
<u>KPALS í 1. bekk og GPALS í 2.-6. bekk</u>	Að lestraraðferðinni sé bætt við í árgangana, 1.-6. bekk, til að ná betri árangri í læsi.	Allir umsjónarkennarar sitja netnámskeið, taka frá tíma til að læra saman.	Nóvember 2023/aðgerð sem þarf að halda áfram á næsta skólaári	Læsisteymi og umsjónarkennarar	Á matsfundi að vori, með lesfimiþrófum.


Lestraráttak/hraðlestrarnámskeið í skólanum	Að allir nemendur taki þátt í lestrarátaki og hraðlestrarnámskeiði yfir skólaárið og að heimilin séu virkjuð í vinnunni með nemendum.	Útfæra framkvæmd, í samráði við kennara, nýta gula vegginn við matsal til að birta afrakstur.	Skólaárið 2023-2024/ skoða þarf í samhengi við skóladagatalið hvenær átakið er.	Læsissteymi og kennarar	Á matsfundi að vori, með lesfimiþrófum.
Samhæft orðaforðaverkefni lagt fyrir alla árganga	Að meta árangur læsiskennslu í skólanum og bera saman á milli ára.	Búa til orðalista og skýringar á orðum	Skólaárið 2023-2024 - hefur ekki komist til framkvæmda/verður haldið áfram	Læsissteymi og umsjónarkennarar	Samantekt úr niðurstöðum og bornar saman á milli ára. Rætt á stigsfundum
Litla og stóra upplestrarkeppnin	Nemendur í 4. og 7. bekk taka þátt í upplestrarkeppnunum. Upplæstur æfður og aðstoðað við framsögn.	Stjórnendur skrá árganga í keppnina og eru kennurum til halds og trausts ásamt fulltrúum úr læsissteymi	Skólaárið 2023-2024/kom vel út og verður haldið áfram	Umsjónarkennarar 4. og 7. bekkjar, stjórnendur og læsissteymi	Á matsfundi að vori.
Orð/orðtak/samheiti vikunnar	Orð/orðtök/samheiti vikunnar með útskýringum sett á skjáinn við innganginn. Fléttað inn í kennslu í árgöngum.	Búinn til listi fyrir vikur skólaársins yfir orð/orðtök/samheiti. Birt á skjá á hverjum mánudegi og rætt í árgöngum.	Listinn tilbúinn fyrir lok október./verður áframhald á næsta skólaári	Læsissteymi og kennarar	Á matsfundi að vori.

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá stöðu nemenda í lesfimi í september og í maí, annars vegar má sjá hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum og hins vegar má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum samanborið við landsmeðaltal. Lítum fyrst á niðurstöður í september:

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Borgaskóli, sept. 2023




Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Borgaskóli, sept. 2023



Lítum svo á niðurstöður í maí:

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Borgaskóli, maí 2024



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum Borgaskóli, maí 2024



Í 1. bekk ná 93% nemenda lesfímiviðmiðum í maí sem er hæsta hlutfallið í skólanum. Á eftir koma nemendur í 2. bekk með 78%, þá nemendur í 4. bekk með 72%. Í öðrum árgöngum er hlutfallið 58%-67%.

Ef horft er til hlutfalls þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum í september má sjá að sá hópur er tæplega 38% nemenda Borgaskóla, misjafnt eftir árgöngum. Samkvæmt viðmiðum MMS er gert ráð fyrir að 10% nemenda séu undir viðmiði í maí. Í Borgaskóla eru 29% nemenda undir viðmiði ef horft er á skólann í heild sinni í maí samanborið við 38% nemenda í september. Á miðstigi eru 33%-43% nemenda sem eru undir lesfímiviðmiði MMS. Ef niðurstöður miðstigs í Borgaskóla er borið saman við niðurstöður á landsvísu má sjá að nemendur í 5. og 6. bekk eru í landsmeðaltali en nemendur í 7. bekk Borgaskóla lesa 7 orðum minna á mínútu en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Á yngsta stigi eru 7%-39% nemenda undir lesfímiviðmiði MMS. Ef niðurstöður yngsta stigs eru bornar saman við niðurstöður á landsvísu má sjá að nemendur í 1. bekk eru yfir landsmeðaltali en nemendur í Borgaskóla lesa að meðaltali 7 orðum meira á mínútu en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Nemendur í 2. og 4. bekk eru í landsmeðaltali en nemendur í 3. bekk lesa 9 orðum minna á mínútu en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Þegar horft er til fjölda þess nemenda sem nær ekki viðmiðum MMS á landsvísu þarf að spyrja gagnrýnna spurninga og horfa til tækifæra til umbóta. Lestrarkennsla og lestrarþjálfun helst í hendur og mikilvægt að í samfélaginu verði sköpuð öflug læsismenning þar sem tekið er höndum saman um að ná betri árangri í læsi. Í Borgaskóla er stöðugt leitað leiða til þess að bregðast við niðurstöðum í læsi og eru niðurstöður lesfími hluti af þeim gögnum sem rýna þarf í hverju sinni. Læsissteymi skólans á verkefni fyrir höndum en Borgaskóli stendur betur að vígi m.v. landsmeðal tal nú í maí en fyrir ári síðan. Draga má þá ályktun að þær aðgerðir sem læsissteymi skólans hélt utan um hafi skilað árangri.

Lesmál var lagt fyrir nemendur 2. bekkjar og er niðurstaðna að vænta í upphafi skólaárs 2024 frá Skóla- og frístundasviði.

Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu birtast með markvissum hætti inn á Mentor í öllum námsgreinum og aldurstigum. Skólanámsskrá er birt á heimsíðu þar sem hæfniviðmiðum aðalnámsskrár er raðað á niður árganga og er kennsla skipulögð út frá þeim. Námskynningar eru í ágúst fyrir foreldra nemenda í 2.-7. bekk og í september í 1. bekk.

Starfsáætlun er unnin árlega og birt á heimsíðu.

Liður í því að auka nemendalýðræði er að nemendur vinna bekkjarsáttmála undir handleiðslu umsjónarkennara sem eru sýnilegir í kennslustofum. Bekkjarsáttmála eru á dagskrá reglulega. Einnig voru haldin nemendapening með þátttöku nemenda í 1.-7. bekk í nóvember og apríl.

Húsnæði skólans og skólalóð þarfnast endurbóta. Síðustu tvö skólaár var hafist handa við að mála ganga og sameiginleg rými í skólanum ásamt hluta kennslustofa. Skólastjóri í samráði við umsjónarmann óskaði eftir gagngerum endurbótum á húsnæði skólans sem var illa við haldið og óskað var eftir að lögð yrði fram framkvæmdaáætlun. Þeirri áætlun er fylgt eftir og horfa þarf til viðhalds á gólfdukkum í kennslustofum, með því að bóna gólf reglulega er viðhaldi sinnt en slíkt er kostnaðarsamt og því þarf að taka það í áföngum.

Ný skólalóð var hönnuð síðla árs 2021 og voru hugmyndir nemenda frá nemendapeningi 2021 nýttar til grundvallar hönnun skólalóðarinnar. Framkvæmdir við áfanga 1 er lokið og þegar þetta er skrifað eru framkvæmdir við áfanga 2 í útboði. Áfangi 3 (útkennslustofa) verður boðin út síðar.

Mannauður

2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.

Það er hugað að góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum starfsfólks í Borgaskóla og lögð áhersla á virðingu í samskiptum og góða samvinnu. Lögð er áhersla á teymisvinnu kennara og gott samstarf en um leið sveigjanleika og traust. Fundaskipulag er unnið fram í tímann. Starfsmannahandbók er gefin út árlega í ágúst. Í henni eru praktískar upplýsingar um skólastarfið og ábendingar um hvar hægt er að nálgast upplýsingar og áætlanir um skólastarfið. Jafnréttisáætlun Borgaskóla ásamt framkvæmdaáætlun liggur fyrir og er fylgt eftir. Þá er starfandi öryggisnefnd skólans sem tryggir almennt öryggi vinnustaðarins. Gott aðgengi er að stjórnendum skólans.


Starfmannasamtöl eru tekin í febrúar og mars og unnið út frá niðurstöðum þeirra við gerð símenntunaráætlunar og skipulag skólastarfs. Einnig fara stjórnendur á teymisfundum með kennurum 2-3 á skólaárinu. Unnið er eftir gátlista um leiðsagnarnám frá Nönnu K. Christensen og er sá listi grunnur starfsþróunarsamtals. Horft er til ákveðinna þátta hverju sinni og er það þróunarteymi sem ákveður hvaða þætti skuli leggja áherslu á hverju sinni m.t.t markmiða skólans í leiðsagnarnámi. Tækifæri starfsmanna til endurmenntunar er veigamikill þáttur í skólaþróun og tengist leiðsagnarnámi. Skólinn leggur áherslu á sveigjanleika þegar kemur að endurmenntun starfsmanna.

Þá er lögð fyrir viðhorfakönnun fyrir starfsmenn. Vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum og unnið út frá móttökuáætlun nýrra starfsmanna.


Starfsmannfélag er starfandi við Borgaskóla.

Niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum


Almennt er starfsfólk ánægt með starfsanda og telur sig eiga gott samstarf við samstarfsfólk sitt og stjórnendur. Gagnlegar ábendingar komu fram í starfsþróunarsamtölum sem vörðuðu innra starf skólans. Ánægja var með fyrirkomulag starfsþróunarsamtala við kennara, þar sem grundvöllur samtalsins var innlit í kennslustund þar sem metin voru sérstaklega viðmið í leiðsagnarnámi. Ef horft er til niðurstaðna úr innliti í kennslustofur kemur fram að kennarar í Borgaskóla veita nemendum endurgjöf sem gagnast í námsferlinu og sjá má niðurstöður hér til hliðar:



Líkt og sjá má hér að neðan kemur skýrt fram að nemendur í Borgaskóla skilja hvað þeir eiga að læra áður en verkefnavinnan hefst. Kennarar leggja sig fram um að útskýra vel hvað það er sem eigi að læra í kennslustundum og það skilar sér í því að nemendur eru vissir um hvaða hæfni þeir eiga að tileinka sér:



Tækifæri til umbóta er að námsveggir séu nýttir og sýnilegir í hverju því verkefni sem verið er að vinna að. Námsveggir geta verið rafrænir og þeir eru breytilegir. Líkt og sjá má á fyrri myndinni vantar upp á námsveggi í 32% tilvika. Á seinni myndinni má sjá dreifingu eftir því hvort nemendur viti í lok tímans hvað þeir hafa verið að læra. Í 27% tilvika var tækifæri til umbóta og eru þessi tvö markmið hluti af þeim umbótum sem verður farið í á næsta skólaári.




Í starfsþróunarsamtölum var kallað eftir námskeiði um skyndihjálp og verður það á dagskrá á starfsdögum í ágúst.

Niðurstöður úr Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins var lögð fyrir rafrænt í nóvember 2023 og var svarhlutfall starfsmanna Borgaskóla um 52% sem er undir meðaltals hlutfalli. Hér má sjá helstu niðurstöður Borgaskóla samanborið við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði:

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðva á sama sviði



Talsvert vantaði upp á svarhlutfall, þ.e. niðurstöður eru ekki birtar ef svarhlutfall er undir 50%, og er tækifæri til umbóta að allt starfsfólk svari könnuninni. Samkvæmt heildarmati má sjá að Borgaskóli skorar hærra en samanburðarhópar eða 4,16 stig. Hafa ber í huga að skalinn er 1-5. Niðurstöður

könnunarinnar voru kynntar á starfsmannafundi þann 7. júní sl. Starfsfólk var sammála um að niðurstöður fyrir skólann væru jákvæðar en mikilvægt er að auka við svarhlutfall. Marktækur jákvæður munur er á starfsanda, vinnuskilyrðum, sveigjanleika vinnu og jafnrétti. Tækifæri til umbóta er að bæta ímynd skólans og tala upp það faglega og góða starf sem fram fer innan veggja skólans – út á við.

3.3 Faglegt samstarf

Í faglegu starfi skólans er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í öllum þáttum skólastarfsins. Þá eru jákvæð samskipti, gagnkvæmt traust og virðing höfð að leiðarljósi í teymisvinnu. Lagt er upp með teymisvinnu kennara, kennarar vinna saman í teymum að undirbúningi náms og kennslu. Teymiskennsla stuðlar að kennslufræðilegri fjölbreytni og samþættingu námsgreina. Fundarskipulag og fundargerðir eru gagnsæjar og aðgengilegar starfsfólki á rafrænu drifi skólans.

Skipulag funda er gefið út á rafrænan hátt og er skipulagið aðgengilegt fyrir alla starfsmenn skólans.

Þróunarstarf er órjúfanlegur þáttur í faglegu starfi kennara Borgaskóla. Þróunarteymi fundar reglulega og áhersla er lögð á að allir kennarar tileinki sér vinnu með leiðsagnarnám að leiðarljósi. Markvisst sjálfsmat og jafningjamat fer reglulega fram á skólaárinu. Einnig eru matsfundir þar sem allt starfsfólk tekur þátt og ræðir í smærri hópum um þá matsþætti sem áhersla er lögð á hverju sinni út frá Gæðagreinum MMS.

Markmið Borgaskóla í leiðsagnarnámi 2023-2024

- kennarar nota spurningatækni til að auka skilning og áhuga nemenda. Markvissar samræður um námið efla skilning og kennslan einkennist af því að námsfélagar ræða saman um námið, veita þannig jafningjamat og efla nám hvors annars
- allir nemendur vita hvað þeir eru að læra, hæfniviðmið og árangursviðmið eru sýnileg í kennslustundum, það hjálpar nemendum á leið sinni að settu markmiði. Námsveggir eru markvisst notaðir til að efla hugtakaskilning
- markviss endurgjöf nýtist nemendum til að ná árangri í námi, áhersla er lögð á sjálfsmat, jafningjamat og miðtímamat
- nemendur og kennarar hafa sama skilning á því hvað einkennir gott verkefni. Fyrirmyndarverkefni geta verið mikilvægur stuðningur og hjálpa nemendum að bæta vinnubrögð og nýta endurgjöf til að auka gæði náms

Niðurstöður af stöðufundum þróunarteymis og heimsóknnum kennara í kennslustofur.

Kennarar hafa tileinkað sér að vinna eftir leiðsagnarnámi í öllum námsgreinum og markmið vetrarins voru hæfniviðmið/námsmarkmið þar sem áhersla var lögð á hæfnina sem nemendur eiga að tileinka sér og vera meðvitaðir um hvað verið er að vinna með hverju sinni. Niðurstöður Skólapúlsins gefa til kynna að nemendur í Borgaskóla eru meðvitaðir um hvað þeir eru að læra hverju sinni og tíðni leiðsagnarmats er

meiri en hjá öðrum nemendum á landinu. Einnig var áhersla lögð á að vinna með árangursviðmið, endurgjöf og spurningatækni sem eru mikilvægir þættir í leiðsagnarnámi. Markvisst unnið með faglegar samræður kennara, jafningjafræðslu um leiðsagnarnám á kennarafundum og skipulagðar heimsóknir í kennslustofur þar sem kennarar kynntu verkefni sem unnin voru með nemendum. Jafningjamat þar sem kennarar voru paraðir saman, sátu kennslustundir hvor hjá öðrum og gáfu endurgjöf í kjölfarið.

Allir kennarar nota námsfélagavinnu og hafa innleitt hana í kennslustofum ásamt því að hafa viðmið um góða námsfélaga sýnileg í stofum. Áhersla er lögð á að árangursviðmið séu sýnileg og að allir nemendur viti hvað þeir eru að læra. Markviss endurgjöf er mikilvæg og nýtist nemendum til að ná sem bestum árangri í námi.

Hvað varðar viðmið um góða kennslustund í Borgaskóla voru kennarar sammála um að námsumhverfi sé oftast vel skipulagt og gott og að námsgögn séu tilbúin. Í öllum heimastofum eru skýr og sýnileg hæfniviðmið á veggjum og hægt að sjá með hvaða hæfni er unnið hverju sinni. List- og vergreinakennarar hafa hæfniviðmiðin einnig sýnileg. Kennarar nota markvisst hrós, fjölbreyttar kennsluáferðir og leiðbeinandi endurgjöf. Tækifæri til umbóta er að nota námsveggi markvisst til að efla hugtakaskilning nemenda.

Við mat á endurgjöf kemur í ljós að kennarar standa sig vel í að veita nemendum markvissa endurgjöf og hvetja þá til að ná markmiðum sínum og gefa nemendum tækifæri til að bæta verkefni sín.

Það voru unnin verkefni í öllum árgöngum þar sem áhersla var lögð á nýsköpun og samþættingu námsgreina. Verkefni í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna voru unnin markvisst og er skólinn orðinn Réttindaskóli Unicef.

Einnig fengu allir nemendur tækifæri til þess að vinna verkefni tengd umhverfisvernd í náttúrulegu umhverfi skólans t.d. tóku allir nemendur þátt í umhverfisverkefnum í næsta nágreppi skólans.

Hvað varðar mat á námsmenningu þá telja flestir kennarar að nemendur hafi tileinkað sér vaxandi hugarfar.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við mínútufjölda sem tilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá. Stundatöflur eru samfelldar og tímafjöldi sá sami alla daga með eðlilegum hléum miðað við aldur og þroska nemenda. Reynt er að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár eftir föngum og er samþætting námsgreina einn liður í því.

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá Borgaskóla uppfyllir þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólastefnu Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur. Starfsáætlun uppfyllir þau skilyrði að öllu leyti. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skólans.

Á skólaárunum 2021-2022 og 2022-2023 var unnið að breytingum á skólanámskrá á þann veg að hæfniviðmið voru brotin niður og aðgengileg fyrir nemendur og foreldra. Þeirri vinnu lauk á skólaárinu 2023-2024.

Verklagsreglur og áætlanir

Leitast er við að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag og skilgreining þar að lútandi kemur fram í skólanámskrá. Skólareglur liggja fyrir og bekkjarsáttmálar eru sýnilegar í skólastofum. Við gerð skólareglna og viðbragða við agabrotum er farið eftir ákvæðum í reglugerð.

Forvarnaráætlanir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir því sem við á. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir ákveðnu verkefni í eineltismálum samkvæmt viðmiðum um gátlista gegn einelti frá Skóla- og frístundasviði.

Áætlun um stoðkennslu er til og ákveðinn tímafjöldi settur í töflu fyrir hvert aldurstig. Áætlun um fyrirlögn skimana er til og unnið eftir henni. Lesfimi próf eru lögð fyrir nemendur í 1 - 7. bekk 3x á skólaári og fylgst vel með lesferli nemenda. Talmeinafræðingur leggur fyrir málþroskamát í 1. bekk og fylgir þeim nemendum eftir sem eiga í vanda vegna málþroska í samstarfi við kennara. Þá er Leið til læsis lagt fyrir í 1. bekk og Læsi lagt fyrir í 2. bekk.

Skólabragur

4.1. Velferð og líðan nemenda.

Í skólanámskrá er stefna um velferð og umhyggju fyrir nemendum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu til þess að ræða líðan, námsárangur og markmið nemenda. Hjúkrunarfræðingur og nemendaverndarráð taka til skoðunar og umfjöllunar þau mál sem upp koma. Skólastarf Borgaskóla tekur mið af verkefninu Heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á bekkjarsáttmála, bekkjarfundi, vinnu með tilfinningar og virðingu í samskiptum. Við fylgjum eineltisáætlun Reykjavíkurborgar, ásamt móttökuáætlun þegar nýir nemendur hefja nám við skólann. Borgaskóli er í góðu samstarfi við Þjónustumiðstöðina Austur og Heilsugæslu Grafarvogs.

Til þess að meta líðan nemenda var skólapúlsinn lagður fyrir 6. og 7. bekk 2 x á skólaárinu.

Æskulýðsrannsóknin var lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk í mars og hafa niðurstöður ekki verið sendar skólanum þegar þetta er skrifað. Niðurstöðurnar verða rýndar þegar þær berast.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk tvisvar á skólaárinu. Líðan og virkni í námi. Undir þeim lið eru almennar upplýsingar um skólastarf og bekkjaranda. Fram koma í niðurstöðunum samanburður við niðurstöður Borgaskóla á síðastliðnu skólaári og samanburður við niðurstöður við aðra skóla á landinu.

Virkni nemenda

Ánægja af lestri hækkar um 0,1 frá síðasta skólaári sem er ánægjulegt þar sem unnið hefur verið markvisst með læsi í skólanum á þessu skólaári. Prautseigja í námi stendur í stað á milli ára en er hins vegar marktækt minni í Borgaskóla en hjá samanburðarhópi. Einnig hafa nemendur í 6.-7. bekk í Borgaskóla marktækt minni ánægju ef náttúrufræði en aðrir nemendur. Þar eru tækifæri til umbóta. Trú á eigin námsgetu er hins vegar meiri hjá nemendur í Borgaskóla en hjá samanburðarhópi og fer hækkandi innan skólaársins.

Líðan og heilsa

Nemendum Borgaskóla líður betur en nemendum á landinu og hafa meira sjálfsálit. Munurinn er þó ekki marktækur.

Skólinn og bekkjarandi

Nemendur Borgaskóla samsvara sig við nemendahópin og meta sig sem hluta af hópi. Tíðni leiðsagnarmats er meiri en hjá öðrum nemendum á landinu. Samband nemenda við kennara er marktækt lægra en hjá samanburðarhópnum, þ.e. nemendum finnst að samband sitt við kennara sína gæti verið betra. Þess ber að geta að stuðullinn um samband nemenda og kennara hefur hækkað frá síðasta skólaári

og því er um framfarir að ræða. Hins vegar er áframhaldandi tækifæri til umbóta. Nemendur Borgaskóla telja sig fá upplýsingar um hvað þeir eigi að læra af þeim verkefnum sem þeir fást við. Þeir telja einnig að þeir hafi aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni marktækt meira en samanburðarhópur eða 8%. Það er tækifæri til úrbóta varðandi skapandi skil á verkefnum en niðurstöður eru marktækt lægri hjá nemendum í Borgarskóla en samanburðarhópi.

Útskriftarsamtöl 7. bekkjar

Nemendur í 7. bekk fóru í útskriftarsamtöl við skólastjóra síðustu tvær vikur skólaársins. Grundvöllur samtalsins voru 2 stjórnur og ein ósk, þ.e. nemendur gáfu skólanum 2 stjórnur og eina ósk og skólastjóri gaf nemendum 2 stjórnur og eina ósk í endrugjöf. Viðtölin voru einstaklingsmiðuð og það sem vekur athygli er að niðurstöður samtalanna rýma ekki við niðurstöður Skólapúlsins um samband nemenda og kennara þar sem 90% nemenda í 7. bekk gaf kennurum og starfsfólki skólans stjórnur fyrir góða kennslu, þolinmæði og fyrir að sýna þeim áhuga. Samtölin voru mikilvægur þáttur í innra mati skólans þar sem raddir nemenda fengu að heyrast, þeir æfðu sig í endurgjöf og æfðu sig í að taka á móti endugjöf, færni sem þeir hafa verið að þjálfa síðustu ár í Borgaskóla.

Viðhorfakönnun foreldra

Viðhorfakönnun foreldra var lögð fyrir í marsmánuði og var svarhlutfall foreldra í Borgaskóla 74%. Niðurstöður viðhorfakönnunar rýma við niðurstöður skólapúlsins hvað varðar vellíðan nemenda sem og að nemendur taki framförum í námi. Tækifæri til umbóta eru að kynna vel fyrir foreldrum einkunnarorð skólans og stefnu skólans.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar matskýrslu sýna að árangur hefur náðst í að skapa góða námsmenningu í anda leiðsagnarnáms í Borgaskóla. Tækifæri til umbóta eru að námsveggir séu sýnilegir og að nemendur viti hvað þeir voru að læra í lok kennslustundar. Áfram verður unnið með verkefni tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefni tengd umhverfisvernd, tækni og nýsköpun. Vel hefur tekist að virkja nemendur í réttindaráði, og umhverfisráði sem og á nemendapingi. Starfsánægja samkvæmt viðhorfakönnun og starfþróunarsamtölum er góð. Tækifæri til umbóta að bæta ímynd skólans skv. niðurstöðum. Áfram verður unnið með að viðhalda góðri líðan nemenda í skólanum og efla þá til að ná góðum árangri í námi. Skólinn leggur áherslu á gott foreldrasamstarf í samráði við foreldrafélag Borgaskóla og kynna starf skólans enn betur fyrir foreldrum, þ.m.t. einkunnarorða skólans. Vel hefur tekist til með opið hús fyrir foreldra á uppskeruátíð þemadaga, hausthátíð og vorhátíð þar sem mæting var góð og almenn ánægja. Áskorun næsta skólaárs er einnig að auka lestrarfærni og lestraránægju nemenda sem er forsenda enn betri námsárangurs.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Umbótaáætlun skólans er að finna [hér](#).

Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (Án ártals). *Innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið.

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.